

# Starfsáætlun



Leikskólinn Glaumbær

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	3
<b>Inngangur</b> .....	4
<b>Leiðarljós leikskólans</b> .....	6
<b>Skólastarfið</b> .....	6
<b>Stefnur og straumar leikskólans</b> .....	6
<b>Umhverfismennt</b> .....	8
<b>Námssvið</b> .....	9
Læsi og samskipti .....	9
Heilbrigði og vellíðan .....	10
Sjálfbærni og vísindi .....	11
Vísindi.....	11
Sköpun og menning .....	12
Tónlist og dans .....	12
<b>Hópastarf og skólastundir</b> .....	13
<b>Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir</b> .....	14
<b>Skólaþróun – Innra mat</b> .....	15
<b>Mannauður</b> .....	17
<b>Hagnýtar upplýsingar</b> .....	19
<b>Húsnæði og lóð</b> .....	20
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	21
<b>Samstarf</b> .....	23
<b>Lokaorð</b> .....	24

## Formáli

Leikskólinn Glaumbær hefur verið starfræktur sem deild undir Grunnskólanum á Borgarfirði og með sömu yfirstjórn síðan 2009 en í sama húsnæði síðan 2011. Grunn- og leikskólinn á Borgarfirði hefur verið rekinn undir sömu yfirstjórn og Fellaskóli síðan 2021 og er skólastjóri Fellaskóla, skólastjóri leikskólans Glaumbæjar

Starfsáætlun er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu. Hún byggist á því sem samfélagið telur mikilsvert og á þeim menningararfi sem talið er mikilvægt að koma áleiðis til næstu kynslóðar. Leikskólastigið er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Starfsmönnum ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem fram kemur í starfsáætluninni

Starfsáætlun gerir leikskólastarfið sýnilegra með því að:

- veita heildarsýn yfir skólastarfið
- gera leikskólastarfið markvisst og auðvelt
- gefa starfsmönnum skýrar upplýsingar um hvers er vænst af þeim
- gera nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- auðvelda markvisst samstarf við foreldra, önnur skólastig og aðra samstarfsaðila.

Starfið tekur margs konar breytingum og þróast í takt við starfsmannahópinn, hvern barnahóp fyrir sig og tíðarandann, því er starfsáætlunin í sífelldri endurskoðun.

## Inngangur

Í fyrra haust voru nemendur leikskólans orðnir fimm og síðan bættust þrír við eftir áramót, þannig að í vor voru nemendur orðnir átta. Aldursdreyfingin var þannig að einn nemandi er fæddur 2020, einn nemandi 2021, þrír nemendur 2022 og þrír nemendur 2023. Áfram er mikið samstarf á milli leik- og grunnskóla. Elstu nemendur leikskólans voru t.d. í verk- og listgreinum með yngstu nemendum grunnskólans og elstu nemendur grunnskólans tók sem val kennslu í leikskólanum. Kennarar grunnskólans hafa líka tekið afleysingarkennslu í leikskólanum þegar þess hefur þurft vegna veikinda eða námsleyfa.

Í haust eru nemendur leikskólans átta að tölu og hefur aldursdreyfingin ekki breyst neitt. Eftir áramót mun einn nemandi bætast við, en hann er fæddur 2024. Núna er einn kennari í réttindanámi í 100% starfi við skólann og deildarstjóri sem er leikskólakennari í 100% starfi. Vegna ungs aldurs nemenda var ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni í hlutastarfi til að sinna kennslu á leikskólanum en á þessari stundu hefur enginn sótt um.

Þar sem við erum með einn 4ja ára nemenda erum við að skoða samstarf við Hádegishöfða hvað varðar heimsóknir þangað. Með því viljum við efla félagsleg tengsl hans við jafnaldra og hann myndi þá jafnvel kynnst þar börnum sem síðar yrðu með honum í Fellaskóla þegar þar að kemur. Til greina kemur þá að nýta skólakeyrlu grunnskólanemendanna sem fara reglulega í Fellaskóla.

Eins og áður verður útináminu gert hátt undir höfði, og verða skipulagðar útinámsstundir í hverri viku þar sem við munum flétta námssviðin inn í verkefni. Í ár munum við endurnýja umsókn okkar vegna „grænfánaverkefnisins“ og vonandi flöggum við sjöunda fánanum í vetur. Nú í fyrsta skipti í langan tíma býður nemendafjöldinn upp á að nemendum sé skipt upp í námshópa og unnið með ákveðin verkefni tengd þeirra aldri þar sem þau fá stuðning og örvun frá jafnöldrum.



Vegna starfsmannaeklu í fyrra var ekki farið í það verkefni að endurskoða skólanámsskrána eins og stefnt var að. Þetta er að stórum hluta samstarfsverkefni með grunnskólanum þar sem svo margir þættir í skólastarfinu okkar eru sameiginlegir grunnskólanum.

Það hefur verið ráðist í þó nokkrar framkvæmdir við skólahúsnæðið. Skipt var um gólfefni í leikskólanum þannig að nú er tiltölulega nýtt gólfefni á öllum rýmum leikskólans. Útbúinn var fataklefi fyrir níu nemendur í sameiginlegu rými skólans. Notast var við fatahengi sem búið var að taka niður úr „gamla“ Hádegishöfða og smíðakennari Fellaskóla hafði tekið til handagagns. Gömlu fatahengin voru tekin niður, gangurinn málaður og nú nýtist hann sem leikskvæði. Einnig var farið í framkvæmdir á baðherbergi. Settar voru upp hillur, vaskur lækkaður, hurð lækkuð og rýmið allt málað.

Keyptir voru sex stólar fyrir yngstu nemendurna og einnig svefndýnur fyrir hvíld. Vonandi verður haldið áfram að endurnýja og bæta skólahúsnæðið fyrir ört stækkandi leikskóla. Huga þarf vel að efnivið og húsbúnaði þannig að hann nýtist báðum skóladeildum, þ.e. leik- og grunnskóla

## Leiðarljós leikskólans

Börn eru í eðli sínu forvitin, hafa löngun til að læra og eru gædd mörgum yndislegum eiginleikum. Þau eru skapandi, umhyggjusöm og geta tekið eigin ákvarðanir. Í gildisríku umhverfi þrífast börn vel og blómstra. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra kappkostar leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta barnsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnunum er sýnd virðing og umhyggja, á þau er hlustað og litið á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi skólans. Leikskólanum ber að sinna forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra.

Sameiginleg gildi grunn- og leikskólans eru **gleði, árangur og virðing**. Þessi gildi eiga að lita samskiptin og allt starf leikskólans, þau eru því leiðarljós sem vísa kennaranum leiðina í leik og starfi.

## Skólastarfið

### Stefnur og straumar leikskólans

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik.

Börn eru athafnasöm og hugmyndarík í eðli sínu. Þau reyna ýmsar leiðir í samskiptum sínum við félagana og í leik miðla þau af reynslu sinni og þekkingu. Frjálsi leikurinn leysir tilfinningar, s.s. ótta og gleði, úr læðingi og hjálpar börnunum við að styrkja sjálfsmynd sína. Hann er uppspretta samskipta barna og því er lögð rík áhersla á að hlúa að honum frá fyrstu tíð.

Hugmyndafræði leikskólans byggir á kenningum John Dewey og Jean Piaget sem báðir lögðu áherslu á leikinn sem aðferð barnsins til að læra.

John Dewey var náttúruhyggjumaður og taldi að manneskjan væri fyrst og fremst athafnavera. Í



skólasamfélagi væri lýðræði haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfi saman og hver um sig leggi sitt af mörkum, þar sem börnunum væri ætlað að vinna saman að viðfangsefnum sem hæfðu þroska þeirra og getu.

Hann taldi að barnið ætti að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga. Barnið læri ekki af því að taka á móti, heldur í samspili við þekkingu þess á veröldinni í gegnum skynfærin. Uppeldisumhverfi barnsins og sá efniviður sem það hefur, skiptir því sköpum. Dewey taldi að barnið myndi velja sér verkefni eftir þroska og áhugasviði: Áhuga á félagsskap og samveru við jafningja. Áhuga á að rannsaka, leita og finna. Áhuga á að skapa, búa til og viðhalda. Áhuga á listrænni tjáningu, teikningu, málun, söng og dansi.

Piaget sagði að börn væru að byggja upp reynslu þegar þau kynnast einhverjum nýjum hlutum með aðstoð skynfæranna og ný reynsla byggist ofan á fyrri reynslu.

**Jákvæður agi.** Við munum halda áfram að innleiða í starfið okkar og leggja til grundvallar, uppeldisstefnu sem nefnist jákvæður agi (*Positive Discipline*). Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni.

- Meginreglur jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu.

Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

### **Stefna leikskólans Glaumbæjar er:**

- Að búa börnunum nægjanlegt rými og tíma til leiks við örugg leikskilyrði í þroskavænlegu umhverfi.
- Að gera ritmálið sýnilegt fyrir börnunum, búa þeim fjölbreytt málumhverfi sem örvar málþroska þeirra.
- Að rækta tjáningar og sköpunarmátt barnanna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.
- Að börnin hafi ánægju af því að vera í leikskólanum, öðlist félagsþroska og hæfni til samskipta og að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi.
- Að börnin séu meðvituð um náttúruna, beri virðingu fyrir henni, skynji umhverfi sitt og breytingar náttúrunnar miðað við árstíma.
- Að börnin læri að nýta það sem náttúran getur gefið af sér, og að þau læri umhirðu og umgengni við dýr og virðingu gagnvart þeim.
- Að leitast við að efla foreldrasamstarf með góðum samskiptum við foreldra, foreldraráð og foreldrafélag.



### Umhverfismennt

Grunn- og leikskólinn er grænfánaskóli og mun sækja um að fá að flagga grænfánum í sjöunda sinn nú í vetur. Leikskólinn hefur verið hluti af þessu verkefni meira og minna frá upphafi og tekið fullan þátt s.l. 10 ár. Allir nemendur skólans eru í umhverfisnefnd og taka leikskólanemendurnir þátt í starfinu eins mikið og þeirra þroski leyfir.


Grunn- og leikskóli Borgarfjarðar eystra gerði sér umhverfissáttmála og þar má líta eftirfarandi markmið:

- að nemendur læri að ganga vel um náttúruna og umhverfi sitt og sýni plöntum og dýralífi virðingu
- að draga úr aukinni loftmengun til að vernda lofthjúp (sólgleraugu) jarðarinnar. t.d. með því að draga úr notkun pappírs og efna sem notuð eru í skólanum að endurnýta og endurvinna allt sem hægt er, s.s. trjágreinar, pappír, einnota umbúðir o.s. frv. ( sett inn 2017 )
- að auka vitund nemenda og starfsfólks fyrir umhverfi sínu og sögu
- að spara orku
- að auka hreyfingu og hollustu
- að kynnast lífi barna frá öðrum löndum og heimshornum ( sett inn 2017 )
- að bæta og viðhalda andlegri og líkamlegri heilsu okkar ( sett inn 2019 )
- að standa vörð um fjölbreytileika lífs, jarðfræðilegar minjar, landslag, víðerni og náttúruminjar ( sett inn 2022)

Síðast liðin tvö ár hefur skólinn verið að vinna með þemað náttúruvernd

Verkefnin sem við höfum verið að vinna með í tengslum við það þema eru t.d.

- Fara í vettvangsferðir á náttúruleg svæði í nágrenni skólans.
- Taka svæði í nágrenni skólans í fóstur.
- Stuðla að vernd og hreinsun á náttúrulegum svæðum í samvinnu við nærsamfélagið.
- Færa kennslu í sem flestum fögum út fyrir vegg skólans.
- Vinna með ljóð, skáldverk, þjóðsögur og ævintýri sem tengjast náttúrulegum svæðum í nærumhverfinu.
- Vinna með vistkerfi á Íslandi, gróðurfar, dýralíf og örverur.
- Kynna okkur mismunandi flokka friðlýsingar og skoða í því sambandi Álfaborgina okkar.
- Fara í vettvangsferð í þjóðgarð eða á friðlýst svæði.





- Kynna okkur friðlýst svæði annars staðar í heiminum.

Í haust munu nemendur í leik- og grunnskóla í sameiningu ákveða þema til að vinna með næstu 2 árin.

### Námssvið

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru sex grunnþættir menntunar sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Námssviðin eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Í Leikskólanum Glaumbæ höfum við sett okkur markmið í eftirfarandi námssviðum.

### Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn hafa þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og skoðanir. Börn nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau t.d. hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu tónlist, myndmál og dans til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Auk þess að nota talmál, sem er mikilvægasta tæki manna til boðskipta nota þau; myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna, það hjálpar þeim að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Áhersla skal lögð á málörvun og málrækt í öllu starfi. Í hópastarfinu, útinámi, gönguferðum, samverustundunum, í fataklefanum og við matarborðið er tækifærið notað til að efla mál og málskilning barnanna. Einnig leggjum áherslu á virka hlustun sem er börnunum m.a. hvatning til að efla mál sitt og frásagnargleði. Lesið er daglega fyrir öll börnin og koma nemendur grunnskólans einnig í heimsókn og lesa fyrir börnin. Einnig eru ljóð og þulur sungnar og lesnar. Lögð er áhersla á að starfsmenn tali vandað mál því að þeir eru fyrirmynd barnanna.



**Markmið:** að efla málþroska og málskilning, tryggja að öll börn í leikskólanum hafi möguleika á tjáskiptum. Að auka orðaforða og hugtakaskilning og auka tjáskipti sem er undirstaða félagslegrar þátttöku

*Samskipti* eru stór hluti af lífsleikninámi barns þar sem miklu máli skiptir hvernig við tölum hvort við annað. Lögð er áhersla á að eins sé komið fram við drengi og stúlku. Þau hafi sama rétt og fái sama viðmót frá þeim fullorðnu og öðrum börnum, einnig að þau njóti sömu hvatningar og örvunar sem öll börn þurfa á að halda hvort sem þau eru stúlka eða drengur, lítil eða stór, yngri eða eldri o.s.frv. Unnið með staðalímyndir og hugmyndir fólks og samfélaga um ákveðin störf og hópá. Mikilvægt er að börnin læri að bera virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfi sínu, taki meiri og meiri ábyrgð á lífi sínu og öðlist sjálfstæði og sjálfsöryggi í því sem þau eru að gera.

**Markmið:**


Að læra að taka tillit til annarra með virðingu og samkennd.

Efla samskiptahæfni, hópkennd, sjálfstæði og frumkvæði.

Auka jafnrétti og lýðræði.

### Heilbrigði og vellíðan

Hreyfiuppeldi er samofið öllu leikskólastarfi. Hreyfing er undirstaða alls þroska og því mikilvægt að hreyfing barna sé fjölbreytt og skipi stóran þátt í lífi þeirra. Með hreyfingu tjá börnin sig og fá útrás. Um leið styrkist líkamsvitund og eykur getu barnsins til fjölbreyttra athafna sem efla sjálfstraustið. Með hreyfingu lærir barnið að þekkja sjálft sig og skynja rými. Dagleg útvíst gefur góða möguleika til eflingar hreyfiþroskans. Nauðsynlegt er að starfsfólkið sé virkt í útvístartíma með börnunum, efla þau til dáða og taka þátt í þeirri gleði sem aukin færni veitir þeim. Sérstaða leikskólans er sú að gott tækifæri gefst til gönguferða um mjög fjölbreytt landslag s.s. fjöruferðir, fjallgöngur(Álfaborgin) og heimsóknir í heimkynni dýranna. Útivera, upplifun barnsins og þessi nálægð við náttúruna styrkir nám þess og það lærir að lesa í umhverfið. Að vera úti í mismundandi veðurfari og aðstæðum eykur þol og þrek barnanna og veitir þeim líkamlega og andlega vellíðan.



**Markmið** er að barni njóti þeirrar gleði sem hreyfingin veitir og auki þol sitt einbeitingu og styrk. Efla sjálfsmynd og sjálfstraust. Þjálfari gróf- og fínhreyfingar og efla líkamsvitund og alhliða þroska sinn. Öðlist aukna þekkingu á árstíðaskiptum og margbreytileika veðurfars. Læri að virða leikreglur, fari að fyrirmælum og meti aðstæður.

### Sjálfbærni og vísindi

Menntun til sjálfbærni felur í sér að þroska fólk til að hafa vilja og getu til að breyta því samfélagi sem við búum í. Lögð er rík áhersla á umhverfismennt í leikskólanum og er hún fléttuð inn í daglegt líf barnanna. Skólinn er þátttakandi í verkefninu „Skóli á grænni grein“ og vinnur að markmiðum og verkefnum því tengdu. Þegar horft er á mikilvægi náttúrunnar í lífi mannsins verður ljós nauðsyn þess að um hana sé gengið af umhyggju og virðingu og rétt að stefna að því markmiði að hver kynslóð skili umhverfinu til komandi kynslóða í sama eða betra ásigkomulagi og tekið var við því (sjálfbær þróun). Í leikskólanum er lögð áhersla á flokkun á lífrænu sem ólífrænu sorpi, endurvinnslu, gróðursetningu og ræktun. Börnin kynnast umhverfinu, náttúrunni og læra að bera virðingu og umhyggju fyrir því sem þar lifir með gönguferðum og útinámi.

**Markmið** er að barnið læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og því sé gefið tækifæri til að upplifa og njóta. Að það kynnist gróðursetningu, ræktun og endurvinnslu og útskýrt sé fyrir því tengsl orsakar og afleiðingu. Að barnið öðlist sjálfstraust til að taka ákvarðanir sem varða þeirra velferð og þar af leiðandi annarra.

### Vísindi.

Hinir miklu töfrar heimsins ná oft og tíðum að fanga athygli barna. Hlutir úr náttúrunni eru óendanleg uppspretta rannsóknarefna og athugana fyrir börn. Þegar það hefur aðgengi að náttúrulegum efnivið sem og öðrum skaðlausum efnum og hlutum skapast nýjar hugmyndir til enn frekari rannsókna. Við hvetjum barnið áfram með því að skapa þetta umhverfi og þannig lærir það smám saman með rannsóknarferli sínu að þekkja eðli hluta og efna í eigin umhverfi. Börnin gera tilraunir á sínum forsendum ef þau fá næði og tækifæri til og þannig geta þau blómstrað.



**Markmið** er að börnin fái tækifæri til að rannsaka, spyrja og upplifa á grunni skapandi hugsunar. Þau þjálfri rökhusun með stærðfræðilegum viðfangsefnum s.s. tölum, táknum og mynstrum en einnig að vinna með rými, fjarðlægðir og áttir.

### Sköpun og menning

Myndsköpun er daglegur þáttur í leikskólanum. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig í myndmáli. Listsköpun eflir sjálfstraust barnanna og styrkir jákvæða sjálfsmýnd þeirra. Hún örvar einnig hugmyndaflug og löngun til að skapa. Samhæfing augna og handa eykst og þau fá útrás fyrir tilfinningar sínar. Aðalatriði myndsköpunar er að þau fái að vinna með ýmis efni, maka og mála með fingrunum eða pensli. Þau læra að blanda liti og skynja betur fjölbreytileika litanna. Efni til myndsköpunar er haft aðgengilegt svo þau geti sjálf náð í það sem þau vanhagar um. Þau eiga auðvelt með að tjá sig um myndirnar sínar og eru hvött til dáða.

**Markmiðið** er að örva sköpunarhæfni og gleði barnanna. Þau fái tækifæri til að koma hugsunum sínum, tilfinningum og reynslu í myndrænt form og túlka þær. Þau öðlist nægilega hreyfifærni og samhæfingu til að teikna, forma og lita. Að auka sjálfstraust barnanna og muna að það er ferlið og upplifunin sem skiptir máli.

**Tónlist og dans:** Söngstundir eru hluti af hverri samverustund og einnig í hópastarfi. Börnin læra ný lög og texta og þá oft í tengslum við það efni sem er í gangi hverju sinni. Tónlist af streymisveitum og/eða geisladiskum eru notaðir sem efni til að hlusta á, dansa eftir eða skapa rétt andrúmsloft fyrir hreyfingu eða slökun. Margbreytileiki tónlistarinnar eflir næmi barnsins fyrir hljóðum, hreyfingu og túlkun á tónlist. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eiga helstu þættir tónlistariðkunar barna í leikskóla að vera söngur, hlustun, taktur, hreyfing og leikur með hljóðgjafa. Markmiðið er að börnin þroski með sér næmi fyrir hrynjanda, hljóðum, hreyfingu og túlkun á tónlist. Einnig að þau æfist í að koma fram og fái tækifæri til skapandi tjáningar og upplifi það frelsi sem felst í því hreyfa sig í takt við tónlist.

**Markmið** að börnin þroski með sér næmi fyrir hrynjanda, hljóðum, hreyfingu og túlkun á tónlist og að þau æfist í að koma fram. Þau fái tækifæri til skapandi tjáningar og upplifi það frelsi sem felst í því að hreyfa sig í takt við tónlist. Öðlist jákvætt viðhorf til tónlistar og læri að njóta hennar



## Hópastarf og skólastundir

Í hópastarfi öðlast börnin skilning á gildi samvinnu og þroska með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Í samskiptum við önnur börn í hópnum eykst félagslegur þroski og reynsla barnanna um leið og hver einstaklingur auðgar starf hópsins.

**Markmiðið** með hópastarfinu er að styrkja tengsl barnanna og stuðla að samvinnu þeirra. Það eykur samkennd og félagslegan þroska barnanna að tilheyra ákveðnum hóp. Börnunum er skipt í litla hópa sem eru aldurskiptir, ef þess er einhver kostur. Leitast er við að flétta námsþætti leikskólans inn í hópastarfið um leið og verkefnið miðast við aldur og þroska barnanna.

Í vetur verður unnið með börnunum í tveimur námshópum, 1 – 2ja ára og 2ja til 4 ára. Hópastarfið verður 2 – 3 sinnum í viku.

**Skólastundir** eru eins konar brú frá leikskólastarfinu yfir í það umhverfi sem bíður barnanna að lokinni leikskólagöngu.

Þetta skólaár er eitt 4 ára barn á leikskólanum sem mun taka þátt í verkefnum í grunnskólanum eins og aldur þess og þroski leyfir en einnig fá sérstök skólaverkefni í hópastarfi.

Unnin eru nokkur þemaverkefni yfir skólaárið. Þessi þemaverkefni byggjast á því að samtvinna öll námsvið leikskólans og efla þekkingu barnanna á ákveðnu viðfangsefni. Hvert þema hefur sín markmið og notaðar eru ýmsar leiðir til að ná þeim markmiðum. Þemanám ýtir undir löngun barna til þess að læra og er grunnur að góðum námsvenjum barna. Farið er í vettvangsferðir þar sem börnin fá tækifæri til þess að rannsaka náttúruna, umhverfið og samfélagið.

**Barnamenning** er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun.





## Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir

- Í leikskóladeildinni er haldið upp á **afmæli barnanna** enda er þetta stór viðburður í lífi þess. Barnið fær kórónu og sérstakan afmælisborðbúnað. Foreldrar koma oft með einhverjar veitingar og barnið er í aðalhlutverki þennan dag.
- **Síðasta föstudaginn í mánuðinum** er sparidagur. Þá gerum við okkur dagamun með ýmsu móti og stundum fáum við þá heimsókn frá grunnskólanemendum.
- **Samfella í námi.** Elstu nemendur leikskólans taka þátt í völdum verkefnum með grunnskólanemendum.
- **Réttarferð.** Farið er með nemendur í réttarferð ef svo hittist á að verið sé að rétta á leikskólatíma.
- **Jólastundin með foreldrum** er í síðustu vikunni fyrir jólafrí. Börnin og starfsfólkið skipuleggja þessa stund.
- **Aðventan.** Í desember eigum við notalegar og rólegar stundir með börnunum, Jólasöngvar, jólaföndur og síðast en ekki síst er farin kertaferð í Álfaborgina þar sem við kveikjum á friðarkertum, einu fyrir hvert barn.
- Elstu börnin taka þátt í að undirbúa dagskrá "**litlu jólanna**" með grunnskóladeildinni.
- **Jólahátíðarmatur** er snæddur í síðustu vikunni fyrir jólafrí. Þetta er sameiginleg máltíð allra barnanna og starfsmanna grunn- og leikskóla.
- **Þorrablót** er haldið í byrjun þorra. Börnin fá að kynna ýmsu frá gamalli tíð, læra þorralög og borða þorramat.
- **Dagur leikskólans** er haldin í kringum 6 febrúar. Þessi dagur er haldinn hátíðlegur með grunnskóladeildinni og þá yfirleitt samþáttaður einhverju sem þau eru að vinna að.
- **Bolludagur.** Boðið er upp á rjómabollur þennan dag.
- **Sprengidagur.** Saltkjöt og baunir, túkall.....
- **Öskudagsball.** Foreldrafélagið heldur stendur fyrir balli með öllu tilheyrandi s.s. andlitsmálun, leikjum og veitingum. Eftir hádegi fara nemendur grunnskóladeildarinnar í búninga, ganga í fyrirtæki og syngja. Yfirleitt taka foreldrar leikskólabarnanna þátt í þessari göngu með börnum sínum.
- Í maí er alltaf farið í **sauðburðarferð** og einnig heilsað upp á **Lundann** út í Hafnarhólma.
- **Útskrift elstu barnanna** fer fram á skólaslitum grunnskóladeildarinnar í lok maí.





- **Gönguferðir.** Nemendur leikskólans taka þátt í skipulögðum gönguferðum grunnskólans eins mikið og aldur og þroski þeirra leyfir.

Margar aðrar hefðir og hátíðir eru í hávegum hafðar í grunnskóladeildinni. Á leikskóladeildinni reynum við að taka eins mikinn þátt í þeim og þroski barnahópsins og aðstæður leyfa hverju sinni.



### Skólaþróun – Innra mat

#### Umbótaáætlun veturinn 2024 – 2026

Ný umbótaáætlun til tveggja ára tekur gildi nú í haust. Það sem er skyggt í töflunni er áætlun frá 2022-2024.

Viðfangsefni /markmið	Vegna	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi	Endurmat	Viðmið um árangur
**Skólanámsskrá Veturinn 2023-2024	Komið að endurskoðun	Starfsfólk leikskólans	Deildarstjóri	Áramót 2024	Farið í þessa vinnu í haust og markmiðið er að til verð ein skólanámsskrá fyrir leik- og grunnskóla.	<i>Þetta gekk ekki eftir nema að litlu leyti.</i>
Vinna markvisst með Blæ	Stefna leikskólans	Hengja spjöld á vegg, útbúa hugtakakort	Kennarar	Mars 2024	Vor 2024	<i>Fastar stundir einu sinni í viku. Þetta gekk ekki eftir.</i>
Starfsfólk kynni sér möguleika Völu og verði duglegt að nýta sér hana.	Stefna leikskólans	Samráðsfundir	Deildarstjóri	2023-2024	Lok skólaárs	Starfsfólk og foreldrar nýta völu. <i>Þetta gekk eftir.</i>

Útinám/útikennslustofa	Stefna skólans og upplifun	Kennarar	Kennarar	2023-2024	Lok skólaárs	Gerð kennsluáætlun með markmiðum og leiðum. <i>Þetta gekk eftir að nokkru leyti.</i>
Viðburðardagatal	Stefna skólans	Kennarar og deildarstjóri	Deildarstjóri	2022-2024	Lok hvers skólaárs	Tilbúið og sýnilegt
Vinna markvisst með Blæ og Lubba	Stefna leikskólans	Hengja spjöld á vegg, útbúa hugtakakort	Kennarar	Janúar 2025	Vor 2025	Fastar stundir einu sinni í viku.
Útinám/útikennslustofa	Stefna skólans og upplifun	Kennarar	Deildarstjóri	2024-2025	Lok skólaárs	Gerð kennsluáætlun með markmiðum og leiðum.
*Skólanámsskrá Veturinn 2024-2025	Komið að endurskoðun	Starfsfólk leik- og grunnskóla	Deildarstjóri grunnskóla	Áramót 2024-2025	Farið í þessa vinnu í haust og markmiðið er að til verði ein skólanámsskrá fyrir leik- og grunnskóla haustið 2025	Að skólanámsskráin verði tilbúin og sýnileg.
**Jákvæður agi	Stefna skólans	Kennarar	Deildarstjóri grunnskóla	2024-2026	Í lok skólaárs 2025	Að starfsfólk og nemendur hafi náð að nýta sér þessa þætti í leik og starfi
*** Innra mat	Stefna leik- og grunnskóla	Kennarar og deildarstjóri	Deildarstjóri	2024-2026	Lok skólaárs 2025	Að innra mat hafi átt sér stað í tveimur eða

						fleiri þáttum skólstarfsins.
--	--	--	--	--	--	------------------------------

\* Skólanámsskrá. Við fórum yfir hvaða þættir þurfa að koma fram í skólanámsskrá sem leikskólinn þarf að fara að vinna við að uppfæra frá síðustu skólanámsskrá. Að töluverðu leyti er hún samofin grunnskólanámsskránni. Þessir þættir eru mestmegnis þeir sömu og fram koma í þessari starfsáætlun en samt ekki algerlega. Endurmat: Ekkert var mikið unnið í þessu á síðasta skólaári þannig að unnið verður áfram með þetta næsta skólaár og þá í samvinnu við grunnskólann þar sem margar viðbragðsáætlanir, stefnur og straumar eru samofinn grunnskólanum.

\*\*Ákveðið verður á fyrsta starfsmannafundi í haust hvaða þættir verða teknir sérstaklega og unnið með þá.

\*\*\*Ákveðið verður á fyrsta starfsmannafundi í haust hvaða tveir þættir í skólstarfinu verða skoðaðir og metnir.

### Mannauður

Öll samskipti kennara við börnin skulu vera uppbyggileg. Hann hlustar á barnið og tekur mið af óskum þess og skoðunum. Kennarinn mætir því ávallt með hlýju og virðingu, af athygli og öryggi. Hann sýnir virðingu með því að viðurkenna tilfinningar, hugmyndir, upplifanir barnanna og að allar skoðanir séu jafn rétt háar. Hró og hvatning frá kennara er mikilvægur þáttur í að byggja upp sjálfsöryggi hjá barninu. Mikilvægt er að kennarinn kveiki áhuga barnanna og hvetji þau til að rannsaka sjálf viðfangsefni sín, með því að spyrja þau opinna spurninga eins og hvað, hvernig og hvers vegna.

Lögð er áhersla á að starfsmenn bæði grunn- og leikskólans vinni sem ein heild og er skólastarfið skipulagt þannig. Starfsmenn fá yfirleitt sameiginlega fræðslu. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum og á starfsmannafundum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsmönnum gefst kostur á að sækja námskeið er varðar skólastarf. Eitt skóladagatal er fyrir bæði skólastigin þar sem fram koma t.d. starfsdagar, starfsmannafundir, uppbrotsdagar, viðburðir og frídagar.

Móttökuáætlun er ekki til staðar fyrir nýja starfsmenn en þeim er afhent starfsáætlun til lestrar til að veitar heildar sýn yfir starfið.

Deildarstjóri sér um að kynna fyrir starfsmanni skólann og samstarfsfólki og leiðbeina honum áfram í starfi.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftár ef þörf þykir. Þar gefst starfsmönnum tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu en jafnframt er þetta tækifæri til samráðs og handleiðslu. Nýta þarf þau tækifæri sem upp koma til að upplýsa starfsmann um framgang hans.

Við leikskóladeildina starfa í vetur einn kennari í réttindanámi í 100% starfi við skólann og deildarstjóri sem er leikskólakennari í 100% starfi. Vegna ungs aldurs nemenda var ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni í hlutastarfi til að sinna kennslu á leikskólanum en á þessari stundu hefur enginn sótt um.

Aðrir kennarar grunnskólans koma einnig að kennslu þegar þurfa þykir.

Kennarafundir eru einu sinni í viku í grunnskólanum og starfsmannafundir að jafnaði einu sinni í mánuði. Deildarstjóri leikskóladeildar mætir á kennarafundi ef málefni fundarins krefjast þess.

Deildarstjóri og kennari á leikskóladeild hafa samráð einu sinni í viku sem og deildarstjórar leikskóla og grunnskóla.

Í samvinnu við Fellaskóla er unnið að endurskoðun áætlana á borð við viðbragðsáætlana vegna slysa, áfalla, eldsvoða, veðurs sem og eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og áætlun um símenntun og starfsþróun.



## Hagnýtar upplýsingar

### Barnahópurinn

Í vetur verða átta nemendur á leikskóladeildinni fram að áramótum en þá bætist einn nemendi við. Þessir nemendur eru á aldrinum 1 – 4 ára. Áfram verður mikið samstarf á milli leik- og grunnskóla, t.d. verður boðið verður upp á leikskólaval hjá 10. og tveir elstu árgangar leikskólans munu sækja kennslustundir í grunnskóladeildinni.

**Dagskipulagið** rammur inn starfið á leikskólanum. Þar kemur fram t.d. hvenær hópastarf/þemavinna fer fram, útivera, samverustundir, hvíld, matartímar, frjáls leikur, útinám og annað skipulagt starf.

### Viðbótarkennsla

*„Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.“*

Samkvæmt hugmyndafræði „**skóli án aðgreiningar**“ eða „**skóli fyrir alla**“ ber leikskólanum að taka á móti öllum börnum þar sem þeim býðst góð menntun sem er byggð á þörfum þeirra. Þetta gildir um alla nemendur hvort sem þeir búa við skilgreinda fötlun eða einhvers konar sérþarfir. Markmiðið er að stuðla að félagslegri blöndun og undirbúningi fyrir þátttöku í samfélaginu með áherslu á að börn einangrist ekki heldur aðlagist vel í barnahópnum.

Sum börn þurfa meiri aðstoð en önnur til að þroskast og læra. Þegar slík er raunin og til að hægt sé að mæta þörfum þess er unnið með það sérstaklega innan hópsins eða einstaklingslega. Algengastir eru málörvunar-, hreyfi eða félagsfærnihópar.

**Snemmtæk íhlutun** byggir á því að bregðast við strax og áhyggjur vakna og hefja þjálfun/örvun á aldrinum 0-6 ára. Snemmtæk íhlutun er forvörn sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir, eða draga úr, áhrifum ýmissa vandamála og erfiðleika sem upp koma í tengslum við þroska, hegðun, mál, félagsfærni og fleira. Ef ekki er gripið nægilega snemma inn í er hætta á að barnið upplifi erfiðleika síðar á ævinni. Snemmtæk íhlutun nýtist öllum nemendum þar sem hægt er að nota hugmyndafræðina í daglegu starfi leikskólans.



Erfiðleikar barns í leik og námi miða ekki aðeins að þroska þess og hegðun heldur geta þeir einnig komið upp vegna þeirra aðstæðna sem barnið býr við, annað hvort heima fyrir eða í leikskólanum. Það er því mikilvægur hluti af starfi kennara að gæta þess að umhverfið sé hvetjandi og styðja við þarfir barna en ekki hamlandi og skapi erfiðleika fyrir það.

Í snemmtækri íhlutun er notast við þverfaglega nálgun þar sem samvinna er á milli ýmissa stofnana og fagfólks. Ef barn þarf á stuðningi að halda er útbúið stuðningsplan í samráði við fagfólk. Leitast er við að nota fjölbreytt námsefni, bæði aðkeypt og heimager.

#### Eftirfarandi skimanir eru lagðar fyrir í leikskólanum:

**EFI-2.** Metur málþroska barna og er lagt fyrir börn á fjórða ári.

**Hljóm -2:** Metur hljóðkerfisvitund barna og hefur forspárgildi varðandi gengi í lestrarnámi. Það er lagt fyrir elstu börnin að hausti síðast leikskólaárið. Þau börn sem koma slök út úr skimuninni fá stuðning þar sem hljóðkerfisvitundin er þjálfuð.

**TRAS:** er skimunartæki sem notað er til að meta þroska barna 2 – 5 ára. Það er listi sem fylgir öllum börnum nánast alla leikskólagönguna og er notaður sem alhliða skráning á þroska þeirra.

#### Húsnæði og lóð

Skipulag og búnaður leikskólans á að stuðla að því að vekja forvitni barna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði.

Leikskóladeildin er opin fimm daga vikunnar frá kl. 7:50 – 16:00.

Deildin er lokuð 5 vikur að sumri vegna sumarfría barna og starfsfólks. Þannig var það skólaárið 2023 – 2024 og verður þannig líka þetta skólaár. Sú hefð hefur skapast að leikskólinn er lokaður frá og með 23. des. – 2. jan. ár hvert.





Leikskóladeildin er starfrækt í einu húsi af fjórum í sameiginlegu húsnæði grunn- og leikskóla. Þar sem mikil fjölgun barna hefur orðið s.l. ár ( 700% ) þá hefur farið fram mikil endurskipulagning á því plássi sem í boði er fyrir leikskóladeildina. Þetta hefur tekist ágætlega en ennþá er þó nokkuð mikil vinna eftir. Deildin nýtir einnig önnur rými skólans jafnt á við grunnskólanemendur. Úr þessu húsi er útgegn út á timburpall og litla lokaða lóð leikskólans. Á lóðinni er ein róla með sæti fyrir tvo nemendur ( körfuróla og venjuleg ), sandkassi, rennibraut, örlítill hóll og kofi.

Skólinn er staðsettur í miðju þorpsins með hafið, fjöruna og fjöllin allt í kring. Einnig eigum við útisvæði skammt frá skólanum með útinámsstofu, eldstæði og trjálundi.

Í vetur fáum við sendan mat frá veitingahúsinu Blábjörgum á Borgarfirði.

Öryggismál , sameiginlegar viðbragðsáætlanir Grunn- og leikskóla Borgarfjarðar og Fellaskóla eru í endurskoðun.

### Foreldrasamstarf

Gott samstarf foreldra og leikskóla er forsenda fyrir góðri líðan barnsins og árangursríkri dvöl í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmu trausti, virðingu og opnum samskiptum.

**Markmið** okkar í foreldrasamstarfi eru:

- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans, þroska og líðan barnanna.
- að geta rætt við foreldra um aðstæður þeirra og uppeldisviðhorf og skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Til að ná þessum markmiðum er lögð áhersla á góða aðlögun barna og foreldra.

Á Glaumbæ eru stuðst við þátttökuaðlögun þegar barn byrjar á leikskólanum.



**Þátttökuaðlögun** byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé barnið að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Aðlögunin byggir einnig á fullri þátttöku foreldranna í leikskólastarfinu þá þrjá daga sem aðlögunin á sér stað. Með því fá foreldrar kjörið tækifæri til að kynnast starfinu og kennurum leikskólans, dagsskipulagi og leiknum sem stuðlar að öryggi og trausti foreldra í garð leikskólans. Öryggið sem því fylgir smitast síðan yfir til barnanna sem hefur síðan áhrif á vellíðan þeirra. Með þessu ferli öðlast bæði foreldrar og börn það öryggi sem þarf til að dafna í leik og starfi. Foreldrar kynnast auk þess öðrum foreldrum í sömu sporum og myndast gjarnan kunningja- og vinasambönd þeirra á milli.

Foreldrarnir eru inni á deild með börnunum allan tímann, eru til staðar, gefa því að borða, skipta á þeim, leika við þau og eru með í hvíldinni. Kennarar taka að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggja daginn, deila út verkefnum og síðast en ekki síst læra af foreldrum og kynnast börnunum. Foreldrar eru velkomnir á alla viðburði í grunn- og leikskólanum svo og alla fundi og kynningar. Þetta á bæði við foreldra grunn- og leikskólanemenda. Foreldrar leikskólabarnanna eru mikilvægur hlekkur í öllu skólastarfinu og í svona fámennu skólasamfélagi skiptir hver einstaklingur miklu máli. Samstaf foreldra, kennara og starfsfólks skólans í viðburðum á vegum skólans er mikilvægt, nauðsynlegt og mjög ánægjulegt.

Haldnir eru tveir samtalsdagar á hverju skólaári þar sem foreldrar og kennarar ræða þroska og stöðu barnsins á leikskólanum en einnig til að koma á framfæri hugmyndum og vangaveltum varðandi skólastarfið.

Á töflu í fataklefa skólans eru upplýsingar um dagskipulag, þemavinnu og fleira sem varðar foreldra og börn. Völu-appið fyrir foreldra og kennara er mikið þarfapung þar sem við getum sent og tekið á móti tilkynningum, sent fréttir, matseðla og atburðadagatal fyrir leikskólann. Foreldrar hafa greiðan aðgang að kennurum og öðru starfsfólki skólans. Þeir eru alltaf velkomnir til skrafs og ráðagerða.

Foreldrar leikskólabarna eru fullgildir meðlimir í foreldrafélagi Grunn- og leikskóla Borgarfjarðar.

**Foreldraráð, sjá starfsáætlun Fellaskóla.**

**Áheyrnarfulltrúar fjölskylduráðs, sjá starfsáætlun Fellaskóla.**



## Samstarf

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir Fjölskyldusvið og veitir skólaþjónusta Múlaþings faglega þjónustu og ráðgjöf, þar með talda faglega ráðgjöf til fjölskyldna, stjórnenda og starfsfólks leikskóla.


Skólaþjónustan og ALL-teymið starfa saman í því skyni að leysa farsællega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra.

Mikið og náið samstarf er við grunnskóladeildina og er mikið flæði á milli skólastiga.

Í vetur munu elstu nemendurnir á leikskóladeildinni taka reglulega þátt í verkefnum með yngsta stigi grunnskólans og nemendur í 10. bekk munu taka leikskólaval í leikskólanum.

(Skipulagðar kennslustundir 5 ára nemenda eru frá áramótum en þá mæta þeir í 4 – 6 kennslustundir á viku í stærðfræði, íslensku og list- og verkgreinar.)

Í vetur munum við að öllum líkindum reyna að fara með elsta nemandann ( 4 ára ) í Hádegishöfða í tengslum við skólaferðir grunnskóladeildarinnar í Fellaskóla og höfum við átt óformlegt samtal við leikskólastjórnann í Hádegishöfða hvað þetta varðar.



## Lokaorð

Það má sjá á þessari starfsáætlun að það er áframhaldandi jákvæð þróun hjá okkur á Borgarfirði varðandi fjölda leikskólanemenda. Okkur finnst þetta mjög spennandi þróun og við finnum að fólkinu í samfélaginu okkar finnst það líka því við búum í samfélagi þar sem skólinn er talinn hjarta staðarins. Við finnum fyrir stuðningi, íbúarnir taka þátt í viðburðum á vegum skólans og fyrir það erum við mjög þakklát. Framundan hjá okkur er að aðlaga húsnæði skólans og leikskólalóðina að ört stækkandi barnahópi.

F.h. skólastjóra

Jóna Björg Sveinsdóttir

Deildarstjóri



**Fylgiskjöl:** Skóladagatal